

Göngu og gleðivika fyrir alla fjölskylduna

# Á fætur í Fjarðabyggð 21.-28. júní 2014

## Laugardagur 21.júní

**Kl. 10:00.**

**1.Göngu og bátsferð á Barðsneshorn og Sandfell 577 m**  + 

3 mismunandi útfærslur.

**Mæting við Safnahúsið (rautt hús) í Miðbæ Neskaupstaðar** þaðan sem bátur flytur fólk að Barðsnesi.

1. Gengið frá Barðsnesbænum og út með Rauðubjörgum og yfir á Mónes. Steingervinga í fjörunni leitað. Gengið út á Barðsneshorn og þaðan inn á Barðsnes. Leiðsögumaður Laufey Sveinsdóttir.
2. Gengið í Síðuskarð og þaðan á Sandfell. Komið við í Afréttarskarði í bakaleiðinni og eggin gengin út að Skollaskarði. Leiðsögumaður Sævar Guðjónsson.
3. Stytttri söguganga á Barðsnesi með viðkomu í Skollaskarði á Vatnshól og við Rauðubjörg. Leiðsögumaður: Sigurborg Hákonardóttir.


Báturinn tekin til baka um kl. 18:00.

Fararstjóri Sævar Guðjónsson, 698 6980.

Verð kr. 3.000 (bátsferð innifalin).

**Nauðsynlegt er að skrá sig í þessa ferð hjá Sævari Guðjónssyni, 698 6980 eða [mjoeyri@mjoeyri.is](mailto:mjoeyri@mjoeyri.is), fyrir kl. 12.00 föstudaginn 20. júní.**

**Kl. 20:00**

**2. Sólstöðuganga á Mosfell í Stöðvarfirði (700m)** 

**Mæting við eyðibýlið Hvalnes við sunnanverðan Stöðvarfjörð.**

Gengið frá bænum og upp á fjallið. Glæsilegt útsýni að Súlum og yfir Kambanes og Stöðvarfjörð.

Fararstjóri.Sólveig Friðriksdóttir 865 8184

Verð kr. 1.000.

**Kl. 21:00**

**Kvöldvaka í Randulffs-sjóhúsi Eskifirði**

Í umsjá Ferðapjónustunnar Mjóeyri við Eskifjörð.

Lifandi tónlist með Randúlfunum.

Verð kr. 1.000.

## Sunnudagur 22.júní

**Kl. 10:00**

**3.Gönguferð um Afréttina norðan Dalatanga. (15 km)** 

Gengið frá Dalatanga norður Dalaafrétt, meðfram Skálnesbjargi, hring um Grænafell og Afréttarskarð til baka að Dalatanga. Krefjandi ganga fyrir göngugarpa. Falleg leið.

Hljóðvitinn á Dalatanga þaninn í lok ferðar.

Fararstjóri: Sævar Guðjónsson, 698 6980.

Verð kr. 2.000.

**Kl. 18:00**

**4. Fjölskyldu- og söguganga um Brekkuborp í Mjóafirði** 

**Mæting við Selhelli um Brekkuborp í Mjóafirði við vestuþaðar þorpsins.**

Gengið frá Selhelli um Brekkuborp að Sólbrekku.

Fararstjóri Sigfús Vilhjálmsson (Fúsi á Brekku), 893 6770.

Verð kr. 1000.

kr. 2.000 ganga og kvöldvaka í Sólbrekku.

**Kl. 20:00**

**Kvöldvaka og veitingar í Sólbrekku Mjóafirði**

**Í umsjá heimamanna.**

Söngskemmtun með söngkonunum Þórunni Klausen og Vigdísi Diljá Óskarsdóttur.

Verð kr. 1500 og kr. 1000 fyrir göngugarpa. (Súpa brauð og kaffi innifalið í verði.)

## Mánudagur 23.júní

**Kl. 10:00.**

**5.Hólafjall milli Seldals og Fannardals. 1001m.** *(eitt af fjöllumum fimm í Gönguvíkunni)* 

**Mæting við bæinn Seldal í Norðfirði.**

Gengið frá bænum um Selheiði og út á Hólafjallseyra þaðan sem gengið er á fjallið.

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson, 864 7694.

Verð kr. 1.500.

**Kl. 17:30**

**6. Fjölskylduganga út í Páskahelli.** 

Mæting við vitann á Norðfirði.

Gengið frá vitanum og út Hagann að Páskahelli. Falleg og auðveld gönguleið.

Fararstjóri Laufey Sveinsdóttir 8633623

Verð kr. 1.000.

**Kl. 21:00**

**Kvöldvaka í Safnahúsinu á Norðfirði**


Í umsjá Ferðafélags Fjarðamanna. Veitingar í boði Síldarvinnslunnar

Einleikur um víkingakonuna Guðríði Þorbjarnardóttur víðförlu, sem segir ferðasögu sína, leikin af Þórunni Klausen

Verð kr. 1.500.

## Þriðjudagur 24.júní

**Kl. 10:00**

**7. Fjallið Andri í Eskifirði. 901m** *(eitt af fjöllumum fimm í Gönguvíkunni)* 

**Mæting við eyðibýlið Veturhús í norðanverðum Eskifjarðardal.**

Gengið upp með Innri-Þverá upp í Þverárdal og þaðan upp suðurhorn fjallsins. Mjög mikið útsýni meðal annars yfir Eskifjörð, Eskifjarðarheiði, Harðskafa og jökulinn Fönn.

Fararstjóri. Kristinn Þorsteinsson, 864 7694.

Verð kr. 1.500.

**Kl. 17:30**

**8. Helgustaðaárgil.** 

**Mæting við býlið Helgustaði við norðanverðan Reyðarfjörð.**

Gengið upp með gilinu að vestanverðu, yfir ána og niður með því að austanverðu.

Líparítmyndanir og berggangar í gilinu skoðaðir.

Grill og lífandi tónlist á Helgustaðayri að lokinni göngu.

Fararstjóri Sævar Guðjónsson, 698 6980.

Verð í göngu kr. 1.000

**Kl. 19:00**

**Kvöldvaka og grillveisla á Helgustaðayri.**

Í umsjá Ferðapjónustunnar Mjóeyri við Eskifjörð. Sögur sagðar, grill og kvöldvaka í boði Landsbankans. Lífandi tónlist.

## Miðvikudagur 25.júní

**Kl. 10:00**

**9. Sjónhnjúkur 1192m** (eitt af fjöllumum fimm í gönguvíkunni) 

**Mæting við vegslóðann að eyðibýlinu Stuðlum í sunnanverðum Reyðarfjarðarbotni.**

Gengið upp Hjalmdal neðan Veghamra, meðfram Stafntungu og upp norðurhlíðar hnjúksins. Stórbrotið útsýni er af Sjónhnjúk meðal annars til Héraðs, Breiðadals, Fagradals og Fáskrúðsfjarðar. Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson, 864 7694. Verð kr. 1.500.

**Kl. 17:30**

**10. Gönguferð yfir Götuhjalla (Eyrarhjalla) í Reyðarfirði fyrir alla fjölskylduna.** 

**Mæting við gamla veginn yfir Eyrarhjalla innan við Eyri í sunnanverðum Reyðarfirði.**

Gengið eftir gamla veginum yfir Eyrarhjalla með fögru útsýni yfir Reyðarfjörð. Þaðan haldið niður með Eyrará og gilið og fossar þess skoðaðir. Fararstjóri: Þóroddur Helgason 860 8331. Verð kr. 1.000.

**Kl. 20:00**

**Kvöldvaka í Félagslundum Reyðarfirði í umsjá Leikfélags Reyðarfjarðar**

Leikfélag Reyðarfjarðar býður fjölskyldunni í ferðalag með sögumanni félagsins um dagana í kringum komu setuliðsins til Reyðarfjarðar í seinni heimstýrjöldinni. Börn eru sérstaklega velkomin enda sýningin gerð með unga áhorfendur í huga. Sýningin er u.p.b. 40 mínútur án hlés. Að sýningu lokinni er gestum boðið upp í dans í anda setuliðsdansleikja og hvetjum við unga sem aldna til að stíga létt spor með okkur.

Miðaverð er kr. 1.500 fyrir 12 ára og eldri, kr. 1.000 fyrir 12 ára og yngri. Afsláttur kr. 500 er af miðaverði fyrir þá sem mæta í stríðsáraklæðnaði.

## Fimmtudagur 26.júní

**Kl. 10:00**

**11. Gengið á Sandfell í Fáskrúðsfirði. 743m** (eitt af fjöllumum fimm í gönguvíkunni) 

**Mæting við Víkurgerðisá við bæinn Víkurgerði í sunnanverðum Fáskrúðsfirði.**

Gengið upp með Víkurgerðisánni og inn Fleinsdal og þaðan upp suðaustur hlíðar fjallsins. Fjallið er einn merkasti bergeitill á norðurhveli. Víðsýnt er af fjallinu meðal annars yfir Fáskrúðsfjörð og Skrúð. Fararstjóri: Eyþór Friðbergsson, 865 2327. Verð kr. 1.500.

**Kl. 18:00**

**12. Fjölskylduganga í Dölum Fáskrúðsfirði.** 

**Mæting við gatnamót að Dölum sunnan Fáskrúðsfjarðarganga.**

Gengið er upp með Hrossadalsá utan við bæinn Dali í Fáskrúðsfirði upp í Hrossadal síðan út með fjallinu út að Ljótunsá og komið niður utan við bæinn Hólagerði. Falleg gönguleið. Fararstjóri Ármann Elísson í Dölum 868 9589. Verð kr. 1.000.

**Kl. 20:00**

**Kvöldvaka á Randulffs-sjóhúsi Eskifirði. Rythmefor / Hrynferð.**

**Tónleikar með Norska fiðluleikaranum Hugo Hilde ásamt hljómsveit.**

**Sérstakur gestur er Garðar Eðvaldsson.**


Hin frábæri fiðluleikari Hugo Hilde frá Noregi leikur ásamt hljómsveit fjölbreytta og skemmtilega tónleikadagsskrá. Hugo er ungur tónlistarmaður frá Sortland í norður Noregi og er hann í tónlistarnámi í Kaupmannahöfn. Garðar Eðvaldsson er ungur og upprennandi tónlistarmaður frá Eskifirði og verður gaman að sjá þessa tvo flottu tónlistarmenn leiða saman hesta sína. Ekki missa af frábærum tónleikum!

Hrynferð er samstarfsverkefni Biomar í Noregi og Eskju þar sem tónlistarmenn frá Austurlandi og Sortlandi fá tækifæri til að vinna saman.

**Aðgangur ókeypis.**

## Föstudagur 27.júní

**Kl. 10:00**

**13. Gengið á Goðatind. 912m** (eitt af fjöllumum fimm í gönguvíkunni) 

**Örtónleikar á toppnum**

**Mæting við Oddsskarðsgöngin Eskifjarðarmegin.**

Gengið upp í Magnúsarskarð og austur eggina að toppi fjallsins. Víðsýnt er af fjallinu meðal annars yfir Reyðarfjörð, Oddsdal og út á Gerpissvæðið. Stuttir tónleikar með norska fiðluleikaranum Hugo Hilde á toppi fjallsins og hátíðleg stund í lokin, þar sem verið er að klára fjöllin fimm.

Fararstjóri: Sævar Guðjónsson 698 6980

Verð kr. 1.500.

**Kl. 14:00**

**14. Gönguferð um Hólmanes milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar.** 

**Mæting á bílastæði upp á Hólmahálsi.**

Gengið niður að Baulhúsum, og þaðan niður á Skeleyri. Því næst gengið austur fyrir ytri Hólmaborgina og hún klifin en af henni er frábært útsýni yfir Eskifjörð og Reyðarfjörð. Síðan haldið suður fyrir borgina og yfir Borgarsand. Urðarhvamur genginn upp á Hólmaháls. (Um 3 klst.)

Fararstjóri: Þóroddur Helgason, 860 8331.

Verð kr. 1.000.

**Kl. 20:00**

**Sjóræningjakvöldvaka á Mjóeyri** 

Lifandi tónlist, varðeldur, fjársjóðsleit og fleira skemmtilegt fyrir krakka á öllum aldri. Aðgangur ókeypis.

## Laugardagur 28. júní

**Kl. 09:00**

**15. Gengið frá Karlsskála fyrir Krossanes til Vöðlavíkur.(18km)** 

**Mæting á Mjóeyri Eskifirði og sameinast í bíla.**

Gengið um Karlsskálaskriður og að flaki þýsrrar Henkel H111 orustuflugvélar á Valahjalla.

Þaðan um Krossanesskriður að eyðibýlinu Krossanesi þaðan sem haldið er um Kirkjubólsskriður til Vöðlavíkur. **Veitingar að Karlsstöðum í lok ferðar.**

Fararstjóri: Sævar Guðjónsson, 698 6980.

Verð kr. 2.000. Veitingar innifaldar í verði.

**Kl. 12:00**

**16. Strandpartý á sandinum í Vöðlavík** 

**Mæting við Karlsstaði, skála Ferðafélags Fjarðamanna í Vöðlavík. (4x4)**

Ekið frá skálanum og út að Vöðlum þaðan sem gengið er út á Landsenda. Minjar um útræði frá Vöðlahöfn o.fl. skoðað. Sandkastalasmíði og leikir á sandinum í bakaleiðinni.

**Veitingar að Karlsstöðum í lok ferðar.**

Fararstjóri: Guðni Geirsson 845 7977

Verð kr. 2.000 (veitingar innifaldar í verði).

**Kl. 20:00**

**Vegleg lokakvöldvaka á Mjóeyri**

Útisvið, lifandi tónlist, varðeldur og fleira. **Grillveisla í boði Eskju.**

Aðgangur ókeypis.

**Kl. 21:30**

**Sjöhúspartí á Randulffs sjóhúsi.** 

**Andri Bergmann Þórhallsson sér um fjörið.**

18 ára aldurstakmark.

Aðgangur 1.000 kr.

**Kl. 23:00**

**Setuliðsball í Félagslundum Reyðarfirði.**



**Liður í dagskrá Hernámsdagsins.**

**Við viljum benda gestum Göngu og gleðivikunnar á að taka þátt í dagskrá Hernámsdagsins á Reyðarfirði sem hefst strax að lokinni Göngu og gleðivikunni.**

Allar gönguferðirnar eru tölusettar og á kortinu hér að aftan er upphafsstaður ferðanna merktur ásamt helstu stöðum er tengjast gönguvikunni.

**Hægt er að kaupa Gönguvikukort sem veitir aðgang af öllum viðburðum gönguvikunnar. Kortið fæst hjá Ferðapjónustunni Mjóeyri, Tanna travel á Randulffs-sjóhúsi og hjá fararstjórum göngu- og gleðivikunnar. Kortið kostar 15.000 kr.**

Hægt er að kaupa göngukort Ferðafélags Fjarðamanna og Göngufélags Suðurfjarða á eftirtöldum stöðum.

**Neskaupstaður:** Fjarðasport, Nesbær og Hótel Edda

**Eskifjörður:** Randulffs-sjóhús, Shell skálinn og Ferðapjónustan Mjóeyri.

**Reyðarfjörður:** Sölskáli Olís, Veiðiflugan og Íslandspóstur.

**Stöðvarfjörður:** Brekkan

**Mjóifjörður:** Sólbrekka

**Egilsstaðir:** Upplýsingamiðstöð ferðamanna

#### **Fyrir börnin:**

Náttúru og leikjanámskeið verður alla dagana frá Kl. 09:30-17:00 á vegum Náttúrustofu Austurlands og Ferðapjónustunnar Mjóeyri. Forgang hafa börn „Göngugarpa“. Nánari upplýsingar og bókanir hjá Berglindi, 696 0809 eða 477 1247.

Frítt er fyrir 16 ára og yngri í gönguvíkuna, nema annað sé tekið fram, en skilyrði er að börn séu í fylgd með fullorðnum.

Unglingar 15 ára og yngri þurfa aðeins þrjú fjöll til að hljóta nafnbótina Fjallagarpur [Fjarðabyggðar](#) í fimm fjalla leiknum.

#### **Fjallagarpur gönguvikunnar:**

Til þess að hljóta nafnbótina Fjallagarpur Gönguvikunnar þarf að safna stimplum hjá fararstjórum fyrir hvert gengið fjall. Fullstimpluðu skjal skal skilað til fararstjóra í lok síðustu göngu og er veitt viðurkenning fyrir afrekið. Unglingar, fimmtán ára og yngri fá einnig viðurkenningu eftir að hafa gengið á þrjú af fimm verðlaunafjöllum að eigin vali. Börn og unglíngar verða að vera í fylgd fullorðinna.

#### **Gönguvikufjöllin fimm:**

Hólafjalla milli Seldals og Fannardals (1001 m), Andri í Eskifirði (901 m), Sjónhjúkur í Reyðarfjarðarbotni (1192 m), Sandfell í Fáskrúðsfirði (743 m) og Goðatindur við Oddsskarð (912 m).

#### **Sundlaugar í Fjarðabyggð:**

**Norðfjörður:** Útilaug með vatnsrennibrautum, pottum, gufubaði, líkamsræktarstöð og frábærri sólbaðsaðstöðu. Opið virka daga frá 06:30-20:00 og um helgar frá 10:00-18:00.

**Eskifjörður:** Útilaug með vatnsrennibrautum, heitum pottum, gufubaði og líkamsræktarstöð. Opið virka daga frá 06:30-20:00 og um helgar frá 10:00-18:00.

**Stöðvarfjörður:** Lítil útilaug með heitum potti, opin virka daga frá 13:00-19:00, á laugardögum frá 13:00-17:00 og á sunnudögum frá 13:00-18:00.